

## Svar

### heilbrigðisráðherra við fyrirspurn frá Óla Birni Kárasyni um ný verkefni Landspítala.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

*Hefur Landspítali tekið við nýjum verkefnum frá árinu 2010? Efsvo er, hvaða verkefni eru það, hvenær tók spítalinn við þeim, hver var árlegur kostnaður vegna þeirra til ársins 2020 og hversu margir starfsmenn sinntu þeim? Hver sinnti þessum verkefnum áður en þau voru færð til Landspítala og hver var árlegur kostnaður vegna þeirra síðustu fimm árin í umsjón þess aðila?*

Á síðustu tíu árum hefur nokkur fjöldi verkefna verið færður til Landspítala. Meginástæður slíks flutnings eru þrjár. Í fyrsta lagi er um að ræða heilbrigðisþjónustu sem áður var veitt erlendis en vegna sérhæfðs mannafla og tækni hefur verið unnt að taka þá þjónustu upp á Landspítala. Í öðru lagi er um að ræða verkefni sem flutt hafa verið vegna samþættingar þjónustu. Í þriðja lagi er um að ræða þjónustu sem Sjúkratryggingar Íslands hafa samið um við þjónustuveitendur sem ekki hafa óskað eftir framlengingu á samningi.

Í töflu hér á eftir er yfirlit yfir verkefni sem hafa verið flutt til Landspítala frá öðrum stofnunum á síðustu tíu árum. Í einhverjum tilvikum er erfitt að tilgreina frá hvaða stofnunum það hefur verið, t.d. í tilviki biðdeildar á Vífilsstöðum. Kostnaður er á verðlagi hvers árs. Þá eru tölur um greiðslur Sjúkratrygginga Íslands teknar úr kerfi sem nær einungis aftur til ársins 2014.

Í töflunni má sjá fjölda stöðugilda hjá Landspítala í dag sem tengjast þessum verkefnum. Í sumum tilfellum eru þau áætluð út frá kostnaði þar sem starfsemi hefur blandast annarri starfsemi. Í tilviki verkefnis tengt St. Jósefsspítala er ekki unnt að telja saman stöðugildi þar sem starfsemin féll inn í starfsemi spítalans sem fyrir var. Sama má segja um verkefni sem snúa að siglinganefnd Sjúkratrygginga Íslands. Þar liggja ekki fyrir upplýsingar um fjölda stöðugilda hjá fyrri þjónustuveitanda erlendis.

**Landsþítali**

Yfirlit yfir verkefni sem fluttust til Landspítala annars staðar frá (frá 2010 til 2020)

Í milljónum króna á verðlagi hvers árs

	2010	2011	2012	2013	2014	2015	2016	2017	2018	2019	2020	Gr. stig	Hver sinni áður
	alls	alls	alls	alls	alls	alls	alls	alls	alls	alls	alls	+	*
2010 Fjarlög	44,5	46,8	48,6	49,6	50,4	51,3	52,2	53,6	55,2	56,8	58,8	?	Kragasjúkrahús
2012 Fjarlög		584,0	613,5	644,6	681,6	751,0	794,0	837,4	865,8	913,3	913,3	63,0	St. Jósefsson
2012 Fjarlög			128,3	148,7	151,1	166,0	174,6	185,9	196,0	213,0	213,0	16,0	LSH en fjárfesting og bókhald á öðrum fjárfagalið þar til 2012
2012 Fjarlög			135,1	552,0	639,2	697,4	717,9	835,9	838,7	912,7	912,7	59,0	Enginn
2018 Fjarlög				26,7	29,4	36,7	60,5	65,9	65,8	67,7	67,7		Siglingamefnd
2018 Fjarlög					40,8	88,0	132,7	130,9	134,8	138,7	138,7		Siglingamefnd
2015 Fjarlög					14,7	16,6	14,2	14,8	15,2	15,6	15,6		Siglingamefnd
2015 Fjarlög				13,5	18,4	21,9	23,2	22,3	26,0	0,0	2,0		Frumugreining
2016 Fjarlög					26,3	34,0	36,1	36,6	37,9	40,2	3,0		SI
2016 Fjarlög						6,6	6,8	7,0	7,2	7,7	7,7		SI
2017 Fjarlög							72,6	100,0	143,1	138,9	4,0		Kí
2017 Fjarlög							86,6	83,9	113,5	120,1	6,4		SI
2018 Fjarlög					71,9	87,9	95,1	86,6	83,9	113,5	120,1	6,4	SI
2019 Fjarlög					102,3	97,5	71,0	52,4	61,8	173,3	324,2	12,0	SI
2019 HVEST										22,0	31,2	1,5	Enginn
2019 Fjarlög										6,8	8,0	0,5	HVEST
2020 Fjarlög											141,0	11,5	Stuðlar

Kostnaður 2018 uppreknaður á heilsisgrunn

\* Í summum tilfallum ískalið út frá kostnaði þar sem starfsemi hefur blandað annari starfsemi og ekki nægur tími til að fara í djúpa greiningu á fjölda stig. Vegna viðkomandi verkefnis.  
 \*\* Sjúkrahótel á lóð Landspítala frá 2019 og rektor með breyttu smátt frá því sem áður var. Útgíð SI til rekturs sjúkrahóels áður voru aðeins hluti heilar kostnaðar. Landsþítali lagði til hlukurmannáunnun.

